

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2007 frá 29. júní 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að halda áfram samstarfi samningsaðilanna á sviði framkvæmdar og þróunar innra markaðarins.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta samstarf geti haldið áfram eftir 31. desember 2007.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 7. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað orðanna „fjárhagsárin 2004, 2005, 2006 og 2007“ í 6. mgr. komi orðin „fjárhagsárin 2004, 2005, 2006, 2007 og 2008“.
2. Í stað orðanna „fjárhagsárin 2006 og 2007“ í 7. mgr. komi orðin „fjárhagsárin 2006, 2007 og 2008“.
3. Undirliður 7. mgr. hljóði svo:
„Fjárlagaliður 02.03.01: „Framkvæmd og uppbygging innra markaðarins, einkum að því er varðar tilkynningar, vottun og samhæfingu atvinnugreina“.
4. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 7. mgr.:
„8. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2008 taka þátt í aðgerðum á vegum bandalagsins sem tengjast eftirtöldum lið á fjárlögum Evrópusambandsins fyrir fjárhagsárið 2008:
– **Fjárlagaliður 02.01.04.01:** „Framkvæmd og uppbygging innra markaðarins, einkum að því er varðar tilkynningar, vottun og samhæfingu atvinnugreina – Stjórnsluútgjöld“.
5. Í stað orðanna „5., 6. og 7. mgr.“ í 3. og 4. mgr. komi orðin „5., 6., 7. og 8. mgr.“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 56, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.11.2007, bls. 10.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2008 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.